

# Fundur náttúruverndarnefndar Þingeyinga 4. nóvember 2016

## Fundargerð nr. 5-2016

Mættir: Þorkell Lindberg (formaður), Sigprúður Stella og Gréta Bergrún (ritari)

Fundarstaður: Þekkingarsetrið á Húsavík

**Fundur settur kl. 10:40**

### 1. Beiðni frá Þingeyjarsveit um umsögn vegna framkvæmdarleyfis Landnets á Þeistareykjalínu 1

Náttúruverndarnefnd barst umrædd beiðni frá Þingeyjarsveit þann 31. október 2016 þar sem beiðni er um umsögn um framkvæmdarleyfi Landnets vegna Þeistareykjalínu 1. Óskað var eftir umsögn nefndarinnar innan 7 daga, fyrir 7. nóvember.

Framkvæmdir við umrædda línu eru nú þegar hafnar og málið búið að fara í gegn um svæðisskipulagsgerð, aðalskipulagsgerð og mat á umhverfisáhrifum, sem endaði með álit Skipulagsstofnunar dagsett 24.11.2010. Nefndin ræddi málið, skoðaði gögn og álit Skipulagsstofnunar. Umsögn rituð og ritara falið að koma henni til Þingeyjarsveitar.

Þorkell Lindberg tók ekki þátt í afgreiðslu umsagnar vegna þátttöku í rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og var Sigprúður Stella því kölluð til fundarins sem hans varamaður. Ásvaldur Ævar og Jóhanna Katrín, hans varamaður, töldu sig bæði vanhæf til að fjalla um þetta mál á vettvangi náttúruverndarnefndarinnar.

**Fundargerð lesin og samþykkt.**

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:40**